

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 22/2014

2014/EES/42/20

frá 14. febrúar 2014

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/38/ESB frá 12. ágúst 2013 um breytingu á tilskipun 2009/16/EB um hafnarrikiþirlit ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 56b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/16/EB) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32013 L 0038:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/38/ESB frá 12. ágúst 2013 (Stjtið. ESB L 218, 14.8.2013, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2013/38/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. febrúar 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. febrúar 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 218, 14.8.2013, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.